



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Fjárlaganefnd Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Snæfellsbær, 3. apríl 2019

Tilv. bréfs 30308

Á fundi bæjarráðs Snæfellsbæjar, þann 27. maí 2019, var fjallað um áform ríkisstjórnarinnar að skerða tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Bæjarráð Snæfellsbæjar mótmælir harðlega þeirri einhliða ákvörðun fjármála- og efnahagsráðherra að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 3,3 milljarða króna á næstu tveimur árum. Í málefnum sem þessum er nauðsynlegt að samráð sé haft milli þeirra aðila sem að málefninu koma. Einhliða ákvörðun sem þessi grefur undan annars ágætu samstarfi ríkis og sveitarfélaga og á sér ekki fordæmi í samskiptum þessara tveggja stjórnsýslustiga.

Skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs hefur gífurleg áhrif á sjálfsákvörðunarrétt og fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga. Hjá Snæfellsbæ einum og sér, mun þessi ákvörðun skerða tekjur sveitarfélagsins um tæplega 50 milljónir á því tímabili sem um ræðir.

Bæjarráð Snæfellsbæjar tekur heilshugar undir með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og krefst þess að þessi einhliða ákvörðun verðir dregin til baka og viðræðum verði komið á milli aðila sem myndi stuðla að ásættanlegri lausn málsins.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
f.h. bæjarsjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

